

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2013

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 233. mál á 143. löggjafarþingi, frumvarp til laga fjárhagsaðstoðar til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 12. desember sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skuldari geti sótt um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Slík fjárhagsaðstoð er til samræmis við kostnað sem fylgir störfum umsjónarmanna við gerð greiðsluaðlögunarsamninga. Með vísan til þess felur frumvarpið í sér ákveðna samræmingu á réttarstöðu skuldara gagnvart þessum úrræðum sem telja verður jákvætt.

Þrátt fyrir slíkt samræmi telur LL engin rök liggja að baki því að úrræðin verði fjármögnuð með sama hætti og að leggja kostnað vegna beiðni um gjaldþrotaskipti á þá aðila sem standa straum að kostnaði umboðsmanns skuldara. Því gera LL verulegar athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins sem kveður á um að fjármögnun skuli eiga sér stað með gjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara en skv. 1. gr. laga um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara nr. 166/2011 eru lífeyrissjóðir meðal gjaldskyldra aðila.

Þótt lífeyrissjóðir séu almennt ekki sáttir við að vera meðal þeirra sem standa undir kostnaði við rekstur embættis umboðsmanns skuldara þá skal þó játa að þar eru önnur rök en þegar kemur til beiðni skuldara um gjaldþrotaskipti. Kröfuhafar koma að gerð greiðsluaðlögunarsamninga en hafa enga aðkomu að beiðni skuldara um gjaldþrotaskipti. Hér ber jafnframt að líta til sérstöðu lífeyrissjóða þar sem einu lánin sem þeir veita einstaklingum eru fasteignatryggð veðlán. Lífeyrissjóðir veita almennt ekki hærri lán en sem nemur um 65% af matsvirði fasteigna og samkvæmt lögum er hámarkið 75%, sbr. 3. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Þegar vanskil verða á fasteignatryggðum lánum lífeyrissjóða stendur veðið að jafnaði undir kröfunni sem trygging og því kemur ekki til kostnaðar sem fylgir gjaldþrotaskiptum.


LL telja mun eðlilegra að fjármögnun kostnaðar sem kann að fylgja fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar vegna kostnaðar við gjaldþrotaskipti verði meðhöndluð með líkum hætti og gert er við gjafsókn, sbr. XX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Samkvæmt frumvarpinu er umboðsmanni skuldara ætlað það hlutverk að meta hvort skuldari uppfylli skilyrði sem sett eru fyrir fjárhagsaðstoð og taki ákvörðun um hvort fjárhagsaðstoð skuli veitt. Í 8. gr. er tilgreint að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna, svo sem um form umsóknar, tímafresti, málsmeðferð umboðsmanns skuldara og mat á fjárhagsstöðu umsækjanda. Með þessum ákvæðum er umboðsmanni skuldara nánast gefið sjálfvald um meðhöndlun á mati á því hvort skilyrði 3. gr. frumvarpsins sé uppfyllt og hvort umsóknarferli sé fullnægjandi. Hér ber að líta til þess að hlutverk umboðsmanns skuldara er einkum að gæta hagsmuna og réttinda skuldara, sbr. nánar 1. gr. laga um umboðsmann skuldara nr. 100/2010. Því er það mat LL að nauðsynlegt sé að kveða ekki aðeins á um heimild heldur skyldu ráðuneytisins til að setja reglugerð um fyrrgreind atriði og mikilvægt að hún liggja fyrir áður en slík lög taka gildi.

Eins og fyrr greinir vilja LL benda á að eðlilegra sé að meðhöndla fjárhagsaðstoð vegna beiðni um gjaldþrotaskipti með líkum hætti og gert er við gjafsókn við rekstur mála fyrir dómstólum. Til greina kæmi að fela umboðsmanni skuldara að taka við gögnum og meta mál og þá einkum hvort vægari úrræði komi til greina. Sé það mat umboðsmanns skuldara að beiðni um gjaldþrot þjóni hagsmunum skuldara best gæti það verið hlutverk hans að senda beiðni um veitingu fjárhagsaðstoðar til greiðslu tryggingar á þeim kostnaði til hlutlausrar úrskurðarnefndar sem hefði svipaða starfshætti og gjafsóknarnefnd sem skipuð er af ráðherra sbr. nánar 125. gr. laga nr. 91/1991.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri